

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Mývatnssveit, 9. febrúar 2021
UST202101-363/H.V.
04.04

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.

Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 26. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Sú áætlun sem nú er lögð fram er samhljóða tillögu sem flutt var á 145. og 146. löggjafarþingi en varð ekki afgreidd en er ætlað að koma í stað áætlunar samkvæmt þingsályktun nr. 13/141, með síðari breytingu.

Í tillögnum er lögð til flokkun 82 virkjunarkosta í nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Flokkunin byggir á vinnu verkefnisstjórnar og faghópa 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsögn um framlagða tillögu, [207. mál sem flutt var á 146. löggjafarþingi, dags. 3. apríl 2017](#), og ítrekar stofnunin þær ábendingar og athugasemdir sem þar koma fram. Auk þess veitti stofnunin [umsögn um breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, dags. 13. febrúar 2015](#) og eiga sumar þær ábendingar sem þar koma fram enn við.

Nokkur reynsla er komin á það fyrirkomulag sem lög nr. 48/2011 kveða á um. Í fyrri umsögnum hefur Umhverfisstofnun bent á að við framkvæmd laganna hafi komið í ljós ákveðnir vankantar sem nauðsynlegt er að horfa til til að tryggja að lögin nái fram þeim markmiðum og árangri sem stefnt var að í byrjun.

Eitt af því sem Umhverfisstofnun hefur lagt ríka áherslu á er afmörkun þeirra svæða sem flokkuð eru í verndarflokk. Við undirbúning að friðlýsingu þeirra virkjunarkosta sem flokkaðir eru í verndarflokk í þingsályktun nr. 13/141 var afmörkun lengi vel óljós sem tafði verulega fyrir framgangi vinnunnar. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að skilgreind séu svæði sem friðlýsa skal að lágmarki til að markmiðum laganna sé náð. Úr því hefur verið bætt þar sem sú breyting varð á störfum verkefnisstjórnar að nú hafa svæði verið afmörkuð með kortum í skýrslu verkefnisstjórnar sem einnig eru í fylgiskjölum með

tillögunni til þingsályktunar. Í þeirri þingsályktun sem nú er lögð fram til umsagnar er þó ekki vísað til framangreindrar afmörkunar. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að afgreiðsla þingsályktunartillögunnar sé byggð á grunni afmörkunar svæðanna og að nauðsynlegt sé að það komi skýrt fram í þingsályktuninni sjálfri eða afgreiðslu hennar.

Ferli við undirbúning friðlýsingar svæða í verndarflokki rammaáætlunar hefur verið með öðrum hætti heldur en undirbúningur friðlýsingar annarra svæða. Vegna svæða í verndarflokki er ekki stofnaður samstarfshópur stofnunarinnar, landeigenda og sveitarfélags heldur hefur Umhverfisstofnun, í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, unnið tillögu að friðlýsingu svæðanna sem lögð er fyrir alla landeigendur og réttihafa lands á svæðinu, auk sveitarfélaga og annarra aðila sem áskildir eru í 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er tillaga að auglýsingu um friðlýsingu einnig auglýst opinberlega þar sem öllum gefst tækifæri til að koma að sínum athugasemdum og ábendingum. Kynning og ferli er að öllu leyti í samræmi við ákvæði 36. gr., 38-39. gr. fyrrgreindra laga um náttúruvernd. Á þeim svæðum sem friðlýst hafa verið og þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram fjallar auglýsing um friðlýsingu um markmið friðlýsingar, mörk verndarsvæðis, mannvirkjagerð og orkurannsóknir og refsíákvæði. Aðeins er fjallað um mannvirkjagerð og orkurannsóknir sem ná til orkuvinnslu með uppsett raflafl 10 MW eða meira eða varmafl 50 MW eða meira í samræmi við 3. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Friðlýsingin hefur ekki áhrif á aðrar framkvæmdir eða athafnir innan svæðanna. Ekki er gert ráð fyrir umsjón eða rekstri af nokkru tagi að hálfu Umhverfisstofnunar innan svæðanna. Gert er ráð fyrir að unnið verði í samræmi við þetta verklag vegna undirbúnings að friðlýsingu virkjunarkosta í verndarflokki framlagðrar tillögu að öllu óbreyttu.

Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til flokkunar einstakra virkjunarkosta í orkunýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk en minnir þó á rökstuðning í fyrri umsögn þar sem m.a. kemur fram að stofnunin fagnar því að svæði séu metin í samhengi við önnur svæði. Þá bendir stofnunin á atriði sem vega þungt varðandi vindorku; áhrif á landslag, víðerni og ferðamennsku. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á að í kjölfar nýsamþykkrara laga um breytingu á lögum um náttúruvernd (Þingskjal 308 – 276. mál) er gert ráð fyrir að kortlagning óbyggðra víðerna nái til landsins alls, en ekki aðeins hálendisins. Þá bendir stofnunin einnig á þá auknu áherslu sem lögð hefur verið á landslag og víðerni í lögjöfningi og að eðlilegt er að það endurspeglast í flokkun virkjunarkosta.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Eva B. Sólan
lögfræðingur